



Ræða Roberts F. Kennedys Jr. á Berlínarmótmælunum 29. ágúst 2020



Hér er ræða sem Róbert F. Kennedy Jr. hélt á fjölda-mótmælum sem haldin voru í nafni frelsis og friðar í Berlín. Í ræðu sinni snertir hann á þeim málefnum líðandi stundar sem margir standa frammi fyrir í dag. Tugir þúsunda hlýddu á ræðu hans sem þó var ekki minnst á orði í íslenskum fjölmiðlum. Hinsvegar var fjallað duglega um göngu nýnasista á öðrum staði í Berlín þann sama dag.

Heima í Bandaríkjunum fullyrða dagblöðin að ég hafi komið hingað til að tala við 5.000 nasista og á morgun munu þau fjalla nákvæmlega um að ég hafi talaði við um 3-5.000 nasista. Þegar ég lít yfir hópinn sé ég andstæðu nasisma. Ég sé fólk sem elskar lýðræði. Fólk sem vill opna ríkisstjórn. Fólk sem vill leiðtoga sem ljúga ekki að þeim. Fólk sem vill ekki að leiðtogar setji handahófskenndar reglur til að framkalla auðsveipni okkar. Við viljum leiðtoga sem hafa engin tengsl við lyfjaiðnaðinn, sem starfa fyrir okkur en ekki lyfja-hagsmunagæsluna. Við viljum stjórnámamenn sem láta sig heilsu barna okkar varða en ekki hagnað lyfja-hagsmunagæslunnar og eigin gróða. Þegar ég lít yfir fjöldann sé ég fána alls staðar að í Evrópu, ég sé fólk frá öllum þjóðum, alla húðliti, frá öllum trúarbrögðum. Ég sé fólk sem þykir vænt um mannkynið, sem er hér fyrir heilsu barna sinna og fyrir frelsi og lýðræði. Þetta er andstæða nasisma.

Ríkisstjórnir okkar elska heimsfaraldur. Þær elska hann af sömu ástæðum og þeir elska stríð, vegna þess að það gerir þeim kleift að koma á eftirliti sem við annars myndum aldrei samþykkja. Þetta eru stofnanir og gangverk sem krefjast auðsveipni okkar. Ég segi þér, það er mér ráðgáta, hvernig allir þessir mikilvægu menn eins og Bill Gates og Anthony Fauci hafa í áratug skipulagt og velt fyrir sér þessum heimsfaraldri. Skipulögðu hann þannig að við værum öll örugg þegar heimsfaraldurinn myndi loksins skella á. Núna þegar hann er skollinn á virðast þeir ekki vita hvað þeir voru að tala um. Þeir virðast búa hann til á meðan hann er í gangi. Þeir búa til einhverjar tölur. Þeir geta ekki nefnt tölu fjölda látinna af völdum Covid-19 sem er algjör grundvöllur. Þeir geta ekki útvegað okkur PCR próf sem raunverulega virka. Þeir þurfa stöðugt að breyta skilgreiningunni á Covid-19 dánarvottorðum til þess að hún líti út fyrir að vera mun hættulegri. Það eina sem þeir eru góðir í er að magna upp ótta.

Fyrir 75 árum þegar Hermann Göring var spurður í réttarhöldunum í Nürnberg hvernig hann hefði fengið þjóðverja til taka þátt í öllu þessu sagði hann að þetta væri mjög einfalt, það hefði ekkert með nasisma að gera, það hefði með manlegt eðli að gera. Þú getur gert það undir stjórn nasista, þú getur gert það undir stjórn sósíalisma, undir stjórn kommúnisma, í konungsveldi og í lýðræðisríkjum. Eina sem yfirvöld þurfa að gera til að fólk verði að þrælum þeirra er að framkalla ótta og ef þér dettur eitthvað í hug sem gerir það hrætt þá gerir það hvað sem þú vilt.

Fyrir 50 árum kom frændi minn, John F. Kennedy hingað til Berlínar. Hann kom til Berlínar vegna þess að Berlín var í framlínu gegn alræði. Það sama á við í dag: Berlín er í framlínu gegn alræði. Og frændi minn kom hingað og sagði stoltur við fólk í Þýskalandi: „Ich bin ein Berliner.“ Og í dag getum við öll verið stolt og sagt enn og aftur: „Ich bin ein Berliner.“ Enn og

aftur erum við í framlínu gegn alræðishyggju.

Mig langar að bæta einu við. Þeir hafa ekki unnið vel að því að vernda heilsu fólksins en þeir hafa unnið vel að því að notað sóttkvína til að setja 5G inn í samfélag okkar. Og þeir eru að setja á laggirnar breytingar yfir í stafrænan gjaldmiðil sem er upphaf þrælahalds. Vegna þess að ef þeir stjórna bankareikningnum þínum geta þeir stjórnað hegðun þinni. Og við sjáum 5G bregða fyrir alls staðar, sjónvarpið er fullt af auglýsingum. Þær segja okkur að 5G breyti lífum okkar: „5G gerir líf okkar betra.“ Ég verð að segja þetta hljómar mjög sannfærandi. Þegar ég horfi á þessa auglýsingar fyrir 5G get ég ekki beðið eftir að fá 5G, eingöngu vegna þess að ég get hlaðið niður tölvuleik á 6 sekúndum í stað 16 sekúndna. Þeir eyða 5 billjónum dollara í 5G. En í raun snýst þetta allt um eftirlit og gagnaöflun. Þetta er alls ekki fyrir þig og mig. Þetta er fyrir Bill Gates, Zuckerberg, Bezos og alla hina milljarðamæringana. Og með gervitunglunum sínum getur Bill Gates fylgst með hverjum fersentimetra jarðarinnar allan sólarhringinn. En þetta er bara byrjunin. Hann mun einnig geta njósnað um þig í öllum snjalltækjunum þínum með andlitsgreiningu og GPS. Heldurðu að Alexa vinni fyrir þig? Hún vinnur ekki fyrir þig. Hún vinnur fyrir Bill Gates og njósnað um þig. Þessi heimsfaraldur er þægileg krísa fyrir elítuna því hún getur fyrirskipað okkur hvað sem hún vill. Það gefur henni tækifæri til að þurrka út millistéttina, eyðileggja lýðræðisstofnanir og flytja allan auð þjóðarinnar til handfyllis af milljarðamæringum svo þeir geti auðgast og gera restina fátæka. Það eina sem er á milli þeirra og barnanna okkar er þessi fjöldi hér í Berlín! Og við segjum við hana í dag: Þið takið ekki frelsi okkar! Þið eitrið ekki fyrir börnunum okkar! Við erum að endurheimta lýðræði okkar. Kærar þakkir!

eftir ag

Heimildir:

<https://www.youtube.com/watch?v=nKD-G30Kdfg>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#5G-ISL - www.kla.tv/5G-ISL

#Covid-19 - www.kla.tv/covid-19-isl

#Kennedy-isl - Robert F. Kennedy Jr.-ISL - www.kla.tv/Kennedy-isl

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrð frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.